

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 1995 – maí 1996

Sýningar

Eftirtaldar sýningar voru í safninu á árinu sem leið:

Frá prómitívisma til póstmóðernisma, 25. febrúar – 20. mars 1995

Þessir kollóttu steinar, 22. apríl 1995 – 21. janúar 1996

Einu sinni var..., klippimyndir eftir dönsku listakonuna Gunhild Skovmand, 24. júní – 7. ágúst 1995

Textílverk norsku listakonunnar Grete Borgersrud, 26. ágúst – 17. september 1995

Valdar portrettmyndir eftir Sigurjón, Asgrím Jónsson, Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson og Kristján Davíðsson, 27. janúar – 19. maí 1996

Norræna höggmyndasýningin *Frá prómitívisma til póstmóðernisma* var samstarfsverkefni Sigurjónssafns og Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar. Var hún með stærstu höggmyndasýningum, sem settar hafa verið upp hérlendis og var liður í norrænu menningarhátíðinni SÖLSTÖFUM. Sýnd voru liðlega fjörutíu verk eftir fimm norræna myndhöggvara, þá Bror Hjorth, Sigurjón Ólafsson, Mauno Hartman, Björn Nørgaard og Gunnar Torvund. Sýningin spannaði sjö áratugi (frá 1923 til 1994) og með henni var ætlunin að draga fram helstu einkenni og strauma í höggmyndalist aldarinnar eins og þeir birtast í verkum þessara listamanna. Gefin var út vegleg sýningarskrá og veggspjald. Sýningin var styrkt af Norræna menningarsjóðnum, menntamálaráðuneyti Íslands, norrænum sendiráðum á Íslandi og íslenskum stuðningsaðilum. Fjárhagslega kom hún vel út, af nær 5 milljón króna kostnaði þurftu söfnin tvö að leggja fram rúmlega hálfa milljón af eigin fé, en vinnuálag starfsmanna var gífurlegt.

Verndari sýningarinnar var forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir og var hún viðstödd opnunina ásamt erlendum gestum sýningarinnar, þeim Mauno Hartman myndhöggvara, Peter Iiskola aðstoðarmanni Hartmans, Gunnari Torvund myndhöggvara og Küllike Montgomery safnstjóra frá safni Bror Hjorths.

Þann 22. apríl 1995 var opnuð sýning á andlitsmyndum Sigurjóns undir heitinu *Þessir kollóttu steinar*. Er þetta í annað sinn sem efnt er til sýningar í safninu með andlitsmyndum hans, þó var myndaval annað á þeirri fyrri sem var haldin í tengslum við Listahátíð 1990. Sýningin nú var sett upp með hliðsjón af myndbandinu *Þessir kollóttu steinar* sem safnið lét gera árið 1992 og var það sýnt gestum á nýjum stórum skermi í eigu safnsins.

Í lok janúar 1996 var sýningunni breytt, fengin voru að láni málverk eftir þekktu málara af nokkrum mönnum sem Sigurjón hafði mótað. Mismunandi túlkanir myndhöggvara og málara af sömu fyrirsætum eru nú til sýnis í efri sal safnsins.

Á árinu 1995 voru tvær sérsýningar annarra listamanna í hluta safnsins, klippimyndir Gunhild Skovmand og textílverk Grete Borgersrud, og voru þær afar vel sóttar. Framvegis mun vera stefnt að því að halda eina sýningu á ári með verkum eftir íslenskan eða erlendan listamann, ýmist einum eða með listaverkum Sigurjóns. Var ein slík sýning haldin sumarið 1989, andlitsmyndir eftir Kristján Davíðsson í tengslum við listahátíðina *Hundadaga*.

Á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1996 verða sýnd ný verk eftir Pál Guðmundsson á Húsafelli ásamt þeim verkum Sigurjóns sem Páll hefur valið. Sýningin verður opnuð 9. júní nk.

Boð fyrir styrktarmenn safnsins

Þann 16. mars 1996 var haldið sérstakt boð í safninu fyrir styrktarmenn í tilefni af því að framlög styrktarmanna ársins 1995 gerði safninu kleift að eignast verkið *Þrá* eftir Sigurjón. Í ávarpi sínu gerði Birgitta Spur stuttlega grein fyrir tilurð verksins og tengsl þess við önnur listaverk. Jónas Ingimundarson lék einleik á flygilinn, sem safnið nú hefur greitt að fullu, og að lokum var skálað í freyðivíni og sýning safnsins skoðuð.

Þriðjudagstónleikar

Sumartónleikar safnsins árið 1995 voru með líku sniði og undanfarin ár, og var það sjöunda sumarið sem safnið gekkst fyrir vikulegum tónleikum í júní, júlí og ágúst. Haldnir voru 12 tónleikar í tónleikaröðinni og fram komu samtals 30 tónlistarmenn.

Aðrir tónleikar

Auk hinna föstu þriðjudagstónleika voru haldnir 10 tónleikar í safninu. Yfirlit yfir tónleikana fylgir sem viðauki með skýrslunni.

Hljóðupptökur

Nokkrar hljóðupptökur voru í safninu og má nefna að Barnaóperan Sónata var tekin upp í salnum 17. og 18. maí og gefin út á geisladisk. Einnig hljóðritaði RÚV tónlist danska tónskáldsins Hermann D. Koppel með Blásarakvintett Reykjavíkur og lék Koppel sjálfur á píanó.

Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár var salur safnsins rammi um móttökur og má nefna að fyrirtækið Hans Petersen HF hélt afmælisfagnað sinn í safninu þann 30. maí og Tónskáldafélag Íslands hélt upp á 50 ára afmæli sitt þann 30. desember.

Uppsetning listaverka

Listaverkið *Gríma* var sett upp við suðurhlið Borgarleikshússins þann 20. október 1995 við hátíðlega athöfn. Borgarstjórinn í Reykjavík Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ávarpaði gesti og afhjúpaði myndina.

Okkur hefur verið tjáð að verið er að undirbúa enduruppsetnings *Íslandsmerkis* á Hagatorg, en eins og mönnum er kunnugt voru súlurnar teknar niður til viðgerðar eftir að hæsta súlan brotnaði í óveðrinu í febrúar 1991.

Rannsóknir og útgáfustarfsemi

Undirbúningur að útgáfu bókar um ævi og starf Sigurjóns er hafinn, og útgáfufélag skipa: Birgitta Spur, Anna Einarsdóttir og Aðalsteinn Ingólfsson. Rætt hefur verið við forlagið Mál og Menning og við danska forlagið BORGEN, sem hvort um sig hefur lýst jákvæðum vilja til að aðstoða við dreifingu bókarinnar. Ekki hefur enn tekist að fá loforð forlaganna um að leggja til fjármagn, meðal annars vegna þess að sala listaverkabóka hefur dregist saman. Það er því fyrirsjáanlegt að Sigurjónssafn verður að sjá um fjármögnunina að mestu leyti. Safnið hefur gert kostnaðaráætlun til bráðabirgða, sem hljóðar upp á rúmar níu milljónir. Í þeirri upphæð er innifalinn ljósmyndakostnaður alls kr. 925.000 sem þegar hefur farið til verkefnisins, sem framlag frá Vísindasjóði Íslands á árunum 1989 – 92.

Höfundar bókarinnar verða listfræðingarnir Aðalsteinn Ingólfsson og Lise Funder, sem ætla að rannsaka tímabilið sem Sigurjón dvaldist í Danmörku 1928 – 45. Lise Funder er þegar byrjuð á rannsóknnum sínum og kemur til Íslands í sumar.

Stefnt er að því að bókin komi út haustið 1998, en þá hefði Sigurjón orðið níraður. Í tengslum við útgáfuna er ráðgert að halda stóra yfirlitssýningu helst í samvinnu við annað safn. Danskri útgáfu bókarinnar yrði einnig fylgt eftir með sýningu þar í landi.

Í haust er stefnt að því að gefa út árbók safnsins, sem að þessu sinni verður feræringur (1993 – 96). Meðal annars verða birt viðtöl við fólk sem þekkt hefur Sigurjón, og gagnast slíkt efni bæði almennum listransóknnum svo og rannsóknarvinnunni við bókina um Sigurjón.

Skipulagsmál

Borgarskipulag Reykjavíkur er að vinna ný drög að deiliskipulagi Laugarness með tilliti til afmörkun lóða fyrir safnið og íbúa svæðisins. Starfsmaður borgarskipulags bar þessi drög undir BSp og GJ í janúar síðastliðinn. Var um gerbyltingu að ræða frá síðustu tillögu sem var lögð fram 1990, en við hana gerði fundur fulltrúaráðs og stjórnar safnsins verulegar athugasemdir á fundi sínum 26. september '90. Svo virðist sem hin nýju skipulagsdrög séu samhljóða fyrrgreindum athugasemdum safnsins, enda er miðað við að halda svæðinu sem mestu óbreyttu, þótt bygging ákveðinna húsa sunnan við safnið hafi verið samþykkt. Ekki er gert ráð fyrir stækkun safnsins í þessum tillögum, en þó mun gert ráð fyrir að safnið fái að byggja geymslu á þeim stað sem núverandi verkstæði eru. Tillögurnar munu hafa verið samþykktar.

Í frumdrögum sem hafa verið gerð að geymslu fyrir safnið er gert ráð fyrir aflangri byggingu 18*8m² sem rúmi öll listaverk safnsins, pökkunarefni, áhöld og hluti úr vinnustofu Sigurjóns, lager bóka og korta ásamt verkstæði. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hefur metið kostnað við slíkt hús um 23 milljónir króna.

Ráðstefnur

Birgitta Spur sótti Norrænan sýningarfund í Madrid 30.03 – 2.04 1995 í tengslum við Norrænu menningarhátíðina Undir Pólstjörnunni (Bajo la Estrella Polar).

Þar að auki sótti hún hinn árlega Farskóla Safnmanna, sem haldinn var á Akureyri dagana 6. – 9. september 1995. Meðal viðfangsefna Farskólans var skráning minja í búsetulandslagi á Íslandi.

Aðföng

Eins og getið var um í fyrri ársskýrslu hefur safnið eignast eitt af lykilverkum Sigurjóns frá fjórða áratugnum *Þrá*, 1939, en framlög frá styrktarfélagum árið 1995 runnu til kaupa á þessu verki. Enn fremur var gengið frá kaupum á verkinu *Húsgoð*, 1979, áður eign sonar listamannsins, Dags Sigurjónssonar. Verkið hefur frá upphafi verið geymt í safninu og ber skráningarnúmerið LSÓ 106.

Í tengslum við sýninguna á portretmyndum Sigurjóns bauðst safninu að fá í langtíma geymslu bronsafsteypu af andlitsmynd af Ásgrími Jónssyni listmálara, sem Sigurjón gerði árið 1947. Verkið er skráð eign Félags íslenskra myndlistarmanna en þar sem félagið hefur ekki fastan samastað þótti stjórn þess æskilegt að verkið væri í vörslu Sigurjónssafns.

Safnmunir

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 1995 – 96 alls 357.

Tækjakaup

Vegna sýningar á myndbandinu *Þessir kollóttu steinar* á samnefndri sýningu - og einnig vegna þess að safnið hefur eignast mikilsverðar myndir um Sigurjón á myndbandsformi (VHS) var keypt vandað sjónvarps- og myndbandstæki. Einnig var ljósritunarvél safnsins endurnýjuð.

Útlán listaverka

Undanfarin ár hefur safnið fengið að geyma 9 stærri listaverk hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og í stigagöngum Sundaborgar við Kleppsveg. Engar breytingar hafa orðið í þessum málum og verða sennilega ekki fyrir en geymsluvandi safnsins hefur verið leystur.

Fjöldi safngesta

Gestir safnsins árið 1995 voru 6.100, sem er nokkur aukning frá árinu áður, og má sennilega rekja hana til að fleiri sýningar voru í safninu en árið áður.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir að sýningum safnsins hefur verið óbreyttur undanfarin ár: kr. 200 fyrir fullorðna, kr. 100 fyrir lífeyrisþega og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Opnunartími

Undanfarin ár hefur opnunartími safnsins verið sem hér segir:

- 1. sept. – 31. maí: laugardagar og sunnudagar kl. 14 – 17
- 1. júní – 31. ágúst: mánudagar - fimmtudagar kl 20 – 22
laugardagar og sunnudagar kl 14 – 18

Í sumar er ætlunin að breyta opnunartíma safnsins til samræmis við önnur söfn til að koma til móts við tillögur ferðamálafulltrúa Reykjavíkurborgar um að gera söfnin sýnilegri og aðgengilegri ferðamönnum. Hugmynd er uppi um að hefja rekstur á svonefndri Safnarútu sem samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og viðkomandi safna, og er ætlunin að rúta/strætisvagn mun aka ákveðna leið milli safna á klukkutíma fresti eftir hádegi dag hvern mánuðina júní, júlí og ágúst. Vegna staðsetningar LSÓ utan borgarmiðju, gæti það verið kostur fyrir safnið að ganga inn í þetta samstarf, þótt það hafi í för með sér aukin útgjöld vegna gæslu og verulegar breytingar á starfi innan safnsins. Af þeim sökum verður kvöldopnun felld niður og fyrirsjáanlegt að safnið verði lokað í desember og jánúar í líkingu við Ásgrímssafn og Safn Einars Jónssonar.

Opnunartímar safnsins verða framvegis:

- 1. júní – 31. ágúst: Allir daga kl. 14 – 17
- 1. sept. – 31. maí: laugardagar og sunnudagar 14 – 17
Safnið lokað í desember og janúar

Fastir starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu eru forstöðumaður í fullu starfi og Geirfinnur Jónsson í hlutastarfi. Lausráðnir starfsmenn eru að jafnaði tiltækir til gæslustarfa.

Stjórnarfundir

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu : 9. júní og 14. desember 1995

Stjórn LSÓ skipa

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Ingi R. Helgason (formaður), Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ó. Johnson, Pétur Guðmundsson og Sigmundur Guðbjarnason.

Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa

Baldvin Tryggvason, Birgitta Spur og Matthías Johannessen.

Endurskoðandi safnsins

er Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi.

TÓNLEIKAR Í LSÓ

árið 1995

25. mars Vináttutónleikar Íslands og Litháen með **Gintaré Skeryté**, **Grazina Rucyté-Landsbergiené** og **Vytautas Landsbergis**.
9. apríl Burtfararpróf Tónlistarskólans í Reykjavík. **Málfríður Konráðsdóttir** semball.
30. apríl Burtfararpróf Tónlistarskólans í Reykjavík. **Guðmundur Hafsteinsson** trompet og **Kristinn Örn Kristinsson** píanó.
23. maí Tónleikar **Sequentia** hópsins á vegum Goethe Institut.
13. júní **Guðrún S. Birgisdóttir** flauta, **Martial Nardeau** flauta og **Pétur Jónasson** gítar.
20. júní *Trio Nordica*; **Auður Hafsteinsdóttir** fiðla, **Bryndís Halla Gylfadóttir** selló og **Mona Sandström** píanó.
27. júní **Nanna Kagan** flauta, **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, og **Sigrun Vibe Skovmand** píanó.
4. júlí **Elisabeth Zeuthen Schneider** fiðla og **Halldór Haraldsson** píanó.
11. júlí **Margrét Hjaltsted** víóla, **Eduard Laurel** píanó og **Ingveldur Ýr Jónsdóttir** sópran.
18. júlí **Ingveldur Ýr Jónsdóttir** sópran og **Jónas Ingimundarson** píanó.
25. júlí **Arna Kristín Einarsdóttir** flauta, **Aðalheiður Eggertdóttir** píanó og **Geir Rafnsson** slagverk.
1. ágúst **Auður Gunnarsdóttir** sópran og **Ingibjörg Þorsteinsdóttir** píanó.
3. ágúst Endurtekið frá 1. ágúst
8. ágúst **Hjörleifur Valsson** fiðla og **Urania Menelau** píanó.
15. ágúst **Laufey Sigurðardóttir** fiðla og **Elísabet Waage** harpa.
22. ágúst **Martial Nardeau** þverflauta, **Peter Tompkins** óbó og **Jóhannes Andreassen** píanó.
29. ágúst **Margrét Kristjánsdóttir** fiðla og **Nína Margrét Grímsdóttir** píanó.
29. nóv, 30. nóv, 1. des og 2. des
Euken píanótríóið; **John Eaken**, fiðla **Nancy Baun** selló og **Gloria Whitney**, píanó ásamt messósópransöngkonunni **Lynn Helding**. Í samvinnu Menningarstofnunar Bandaríkjanna, LSÓ, Tríós Reykjavíkur og Ríkisútvarpsins.
5. des Kammertónleikar Tónlistarskólans í Reykjavík.
19. des Tónleikar framhaldsdeildar Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.